



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Vesturbæjar
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Vesturbæ

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtal við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjölmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjalagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra í Vesturbæ sem send er íbúaráði Vesturbæjar til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgaritari

Hjalagt:
Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Vesturbæ



Reykjavík

Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Vesturbæ 6. apríl 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í Vesturbæjarskóla, laugardaginn 6. apríl 2024, þar sem boðið var upp á samtal íbúa og borgarstjóra. 30 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

Hvað er það besta við Vesturbæinn?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Gestir voru ánægðir með staðsetningu hverfisins, nágrennasamfélagið og hve stutt er í náttúruna og hafið. Í hverfinu væri mikil aðstaða til útivistar. Þá voru gestir einnig ánægðir með þjónustu í hverfinu, sundlaugin, Melabúðina og kaffihúsið. Einnig nefndu nokkrir gestir ánægju með skólahljósveitina.

Orðaský fundargesta:

Mentimeter

Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

53 responses



Hvað má bæta í Vesturbænum?

Næst voru gestir spurðir hvað mætti bæta í þeirra hverfi.

Mikil áhersla var lögð á umferðaröryggi og að minnka þyrfti bílaumferð. Einnig var áhersla lögð á bílastæðamál og íbúakort, íbúar voru óánægðir með fyrirkomulag bílastæðamála eins og þau eru í dag og lögðu áherslu á að vilja að bílastæðamál íbúa yrðu bætt. Töluverð áhersla var einnig lögð á

tengingu milli hverfa og þá aðallega út á Granda ásamt bættum strætósamgöngum að Fiskislóð. Þá var einnig áhersla lögð á að bæta þyrfti leikskólamálmál. Gestir nefndu að viðhald gangstétta í Vesturbænum væri ábótavant.

Orðaský fundargesta:

Mentimeter

Hvað má bæta í þínu hverfi?

62 responses



Hvað á borgarstjóri að setja í forgang?

Í lok fundar voru gestir spurðir hvaða mál borgarstjóri ætti að setja í forgang.

Gestir voru almennt sammála um að borgarstjóri ætti að setja bílastæðamál í forgang ásamt skólamállum, bæði leik- og grunnskóla. Einnig ætti hann að setja almenningsamgöngur í forgang sem og sorphirðumál. Gestir óskuðu einnig eftir meira samráði og betri upplýsingagjöf.

Einstaka hugmyndir

- Fjarlægja veggjakrot
- Fjölga æslabelgjum
- Merkja vegi
- Bæta og fjölga leiksvæðum
- Smíðavellir
- Bæta umhirðu leynigarða